

Fundargerð stjórnar SOS nr. 300

Stjórnarfundur SOS

Staður: Teams fjarfundur

Dagsetning og tími: 22. febrúar 2021 kl. 15:00.

Mætt voru í fjarfundi: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Helgi S. Haraldsson úr varastjórn, í stað Örnú Írar Gunnarsdóttur, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH). Þá mætti Stefán Gíslason (SG) frá Environice.

1. Samráðsvettvangur vegna endurskoðunar á svæðisáætlun

Fundargerð frá 17. febrúar s.l. lögð fram til kynningar. Sorpstöð Suðurlands virðist komin langt í sinni vinnu við svæðisáætlun, sé litið til annarra.

2. Umsögn um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi greinargerð um stefnuáætlun. AKH falið að skila þeim sem umsögn SOS inn í samráðsgátt.

3. Aðgerðaráætlun SOS vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar

Stjórn SOS samþykkir fyrirliggjandi tillögu að aðgerðaráætlun og leggur hana fram sem innlegg Sorpstöðvar Suðurlands í gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvestur-horninu.

4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán fór yfir stöðu mála. Að mestu er búið að fylla heimildir í Stekkjarvík og aðilar hættir að afhenda þangað sorp frá Suðurlandi. Útflutningur ÍGF á brennanlegu sorpi jafngildir nú um 15.000 tonnum árlega. Formanni er falið að ítreka fyrri erindi til Sorpu er varða móttöku á grófum úrgangi.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 23. mars næstkomandi klukkan 15:00 í fundarsal SASS á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 16:15